

## 1001. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 5. mars 2008 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Gunnar Páll Pálsson, Stefanía Magnúsdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson, og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og samþykkt.

### 2. Ársreikningar

Á fundinn voru mættar Sigurlaug Hilmarsdóttir, sviðsstjóri Rekstrarsviðs VR, og Björg Sigurðardóttir endurskoðandi frá Deloitte. Lagt var fram skjalið „VR Ársreikningur 2007“. Gunnar Páll fór í gegnum skjalið og fjallaði um breytingar á uppsetningu og helstu tölur.

Björg skýrði frá undirbúningi og vinnu við gerð ársreikningsins, fjallaði um reglur o.fl. Kom m.a. fram í máli hennar að ársreikningur VR uppfyllir alla alþjóða staðla og VR hafi mikið innra eftirlit. Þakkaði hún stjórn og starfsfólki VR fyrir gott samstarf.

Stjórn staðfesti ársreikning með undirritun.

### 3. Tillögur fyrir aðalfund

Vegna aðalfundar 31. mars 2008 var rætt um tillögur stjórnar og lagði Gunnar Páll fram skjalið „Tillaga stjórnar VR fyrir aðalfund 2008“:

#### a. Fundarstjóri og fundarritari

Samþykkt að Bjarndís yrði fundarstjóri og Stefanía fundarritari.

#### b. Framlag í varasjóð

Samþykkt að leggja fram eftirfarandi tillögu: „Aðalfundur VR, haldinn að Hilton Reykjavík Nordica hótél, mánudaginn 31. mars 2008, samþykkir að 35% af iðgjöldum Sjúkrasjóðs VR og 50% af iðgjöldum Orlofssjóðs VR renni í VR varasjóð, sérgreind réttindi félagsmanna í VR. Samtals um kr. 415.600.000,-.“

#### c. Lagabreytingar (félagssvæði)

Rætt var um að þyrfti að skjóta inn orðunum „Vestmannaeyja, Húnaþings vestra“ í 1. gr. laga VR, „Heiti, starfssvæði“, vegna sameiningar við Verslunarmannafélag Vestmannaeyja og V- Húnavatnssýslu.

#### d. Endurskoðendur

Samþykkt tillaga um endurskoðendur: „Aðalfundur VR, haldinn að Hilton Reykjavík Nordica hótél, mánudaginn 31. mars 2008, samþykkir að endurskoðunarskrifstofan Deloitte hf. sjái um endurskoðun félagsins.“

#### e. Félagsgjald

Samþykkt tillaga um óbreytt félagsgjald: „Aðalfundur VR haldinn að Hilton Reykjavík Nordica hótél, mánudaginn 31. mars 2008, samþykkir að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af launum og lánmarksgjald til að njóta

*fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 42% af byrjunarlaunum 18 ára afgreiðslufólks.“*

f. Stjórnarlaun

Samþykkt tillaga launanevndar um laun stjórnarmanna árið 2008/2009: „Aðalfundur VR, haldinn að Hilton Reykjavík Nordica hótél, mánudaginn 31. mars 2008, samþykkir að laun fyrir setu í stjórn VR, nefndum og ráðum skuli vera kr. 34.000 á mánuði fyrir yfirstandandi starfsár, varamenn skulu fá kr. 17.000 fyrir hvern setinn fund. Auk þess er heimilt að greiða stjórnarmönnum launatap sem þeir kunna að verða fyrir vegna starfa fyrir félagið, eins og tíðkast hefur fyrir setu á ASÍ og LÍV þingum.“

4. **Kjarasamningar**

Gunnar Páll leiddi umræður um stöðu kjaramála, kjarasamnings og fréttir um uppsagnir og þrengingar í rekstri fyrirtækja. Kosning um kjarasamning stendur til hádegis 11. mars. 2008 og ræður einfaldur meirihluti. Um 25 þúsund bréf voru send út vegna þessara kosninga til félagsmanna allra aðildarféлага LÍV.

5. **Breytingar á samþykktum sjúkrasjóðs**

Gunnar Páll lagði fram drög að breytingum á reglugerð og starfsreglum Sjúkrasjóðs VR. Einnig kynnti hann ný skilyrði á umsóknareyðublaði og lagði fram hugleiðingar um nýja styrki vegna stærrí aðgerða. Vísað til framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR:

6. **Ósk um aðild að sjúkrasjóði VR**

Gunnar Páll lagði fram skjalið „Ósk um aðild að sjúkrasjóði VR – hugleiðing 5. mars 2008“. Þar sem m.a. var rætt um afstöðu til sameiningar Sjúkrasjóðs arkitekta við Sjúkrasjóð VR (lagt fram skjal frá Talnakönnun dags. 31.01 2008, „Sjúkrasjóður arkitekta og samkomulag við Sjúkrasjóð VR“), rætt um málefni tækniteiknara vegna nýgerðs kjarasamnings þeirra við félag ráðgjafaverkfræðinga og ósk FVH og HR um aðild að Sjúkrasjóði VR og möguleg svör okkar vegna þess (lögð fram samantekt frá FVH „Aðkoma FVH félaga að VR – viðræður við VR“). Miklar umræður urðu um þessi mál og voru skiptar skoðanir. Ákveðið að stofna til vinnudags í apríl þar sem farið verður í stefnumótunarvinnu þessu tengt.

7. **Trúnaðarmenn**

Kynntir 7 nýir trúnaðarmenn og tveir til endurkjörs. Engin athugasemd.

Samþykkt.

a	Kristjana Björk Magnúsdóttir	Flugfélagið Atlantia	Nýr
b	Ragnheiður Eyjólfsdóttir	Flugfélagið Atlantia	Endurkjör
c	Ásta Kristindóttir	Hagkaup - Holtagarðar	Nýr
d	Lára Thorarensen	Hagkaup - Holtagarðar	Nýr
e	Beata Jónsdóttir	Götusmiðjan	Nýr
f	Finnur Jens Númason	Mest ehf	Nýr
g	Guðrún Markúsdóttir	Mest ehf	Nýr
h	Gyða Sveinsdóttir	Icelandair - Viðskiptasöludeild	Nýr
i	Gunnar J Gunnarsson	Eimskipafélag Íslands	Endurkjör